

Starfsleyfi fyrir flugeldasýningar árin 2021 til 2025

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur mótttekið umsókn frá Björgunarsveitinni Hérað dags. 25.11.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi vegna flugeldasýninga sem haldnar eru árlega á áramótum og á þrettándanum á Egilsstöðum.

Starfsemin er starfsleyfisskyld skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annara laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 414/2017 um skotelda og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Leyfishafi: Björgunarsveitin Hérað, kt. 481199-2989
Staðsetning: Þverklettur á Egilsstöðum
Tímasetning: Klukkan 17 á gamlársgöngu og á milli kl 17-19 á þrettánda


1. Gildis- og ábyrgðarsvið

- Leyfið tekur til flugeldasýninga á áramótum árin 2021 til 2024 að báðum árum meðtöldum og á þrettándanum árin 2022 til 2025 að báðum árum meðtöldum. Leyfið veitir heimild til einnar flugeldasýningar ár hvert um áramót og einnar flugeldasýningar ár hvert á þrettándanum.
- Leyfið er veitt með þeim skilyrðum að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum.
- Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.

2. Skilyrði

- Leyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands er skilyrt því að fyrir liggja endanlegt leyfi lögregluyfirvalda fyrir sýningunni.
- Skylt er að haga allri háværru starfsemi þannig að valdi sem minnstu ónæði.
- Óheimilt er að hefja skoteldasýningu ef vindátt eða veðrátt er óhagstæð að mati lögreglu.
- Sjá skal um að skotsvæðið sé hreinsað sem fyrst að sýningu lokinni og úrgangi komið í viðeigandi förgun.

27. desember 2021
F.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands,



NEILBRIGÐISEFTIRLIT
AUSTURLANDSSVÆÐIS

Dröfn Svabjörnsdóttir
heilbrigðisfulltrúi



27. desember 2021

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir Björgunarsveitina Hérað á Egilsstöðum.

Umsókn um starfsleyfi fyrir flugeldasýningar á Egilstöðum um áramót og þrettánda barst þann 25. nóvember 2021. Umsækjandi er Björgunarsveitin Hérað, kt. 481199-2989.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Tillaga að starfsleyfi var útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 26. nóvember sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 24. desember 2021.

Engar athugasemdir bárust við tillöguna innan auglýsts frests. Starfsleyfi er því hér með gefið út.

Virðingarfyllt, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands.

Virðingarfyllt,

Dröfn Svabjörnsdóttir
heilbrigðisfulltrúi